



E 1/2018

Fyrirspyrjandi Helge André Njåstad (FrP)
Til Ríkisstjórn Norðurlanda

Til ríkisstjórn Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn
um norrænt samstarf til að draga úr magni örplasts í hafinu**

Árið 2017 var hrint af stað nýrri plastáætlun sem lýsir hvernig Norðurlöndin í sameiningu geta átt þátt í að draga úr áhrifum plasts á umhverfið. Eitt af áherslumálunum í norrænu plastáætluninni er þróun þekkingar á örplasti og að fundnar verði leiðir til að draga úr losun örplasts í umhverfið.

Mörg norsk fylki (Akershus, Buskerud, Vestfold og Østfold) hafa gert rannsóknir sem sýna að gervigras getur átt þátt í auknu magni örplasts í vatni. Mörg núverandi mannvirki sem nota gervigras munu á komandi árum þarfnast endurbóta og mörg fylki hafa hvatt Norsku umhverfisstofnunina (Miljødirektoratet) til að skerpa á reglum um notkun gervigrass.

Með hliðsjón af framangreindu vil ég beina eftirfarandi fyrirspurn til ríkisstjórn Norðurlanda:

- Hvaða ráð til að draga úr magni örplasts í hafinu, þar sem ríkisstjórnir Norðurlanda geta átt samstarf, hafa verið fundin til þessa?
- Er tímabært að taka frumkvæði að norrænu samstarfi um gerð reglna varðandi notkun gervigrass innan ramma norrænu plastáætlunarinnar?

Ósló, 24. janúar 2018

Helge André Njåstad (FrP)